



Fagnámskeið starfsmanna leikskóla

- Námskrá -



Nafn námsskrár:

Fagnámskeið starfsmanna leikskóla

Lengd náms:

210 kennslustundir

Fjöldi eininga:

Allt að 17 einingar

Hverjum ætlað:

Starfsmönnum leikskóla

2. prentun 2008



Inngangur	1
Forsendur náms.....	2
Hugtök í námsmarkmiðum	3
Lokamarkmið	3
Skipulag náms.....	4
Námsþættir og lýsingar	5
Kynning	5
Námstækni og markmiðasetning.....	6
Uppeldi leikskólabarna	7
Þroski og þróun leikskólabarna	8
Listastarf með börnum	9
Sjálfsþing og samskipti	10
Tölvuleikni	11
Færnimappa.....	12
Næringarfræði	13
Heilsuefling	14
Málþroski barna	15
Hreyfipjálfun leikskólabarna	16
Fjölmennningarlegur leikskóli	17
Könnunaraðferðin	18
Umhverfismennt	19
Námsskrá leikskóla	20
Íslenska fyrir tvítýngd börn	21
Heimsókn í leikskóla.....	22
Innra starf leikskóla	23
Slysavarnir í leikskólum - valgrein.....	24
Líkamsbeiting og vinnuaðstaða - valgrein.....	25
Trúnaðarskyldur starfsmanna - valgrein.....	26
Nýbreytni - valgrein	27
Mat á námi og námsleið.....	28
Mat til styttingar á námi í framhaldsskóla.....	29
Fylgiskjal	30



Námsskrá fyrir fagnámskeið starfsmanna í leikskólum var skrifuð samkvæmt samningi sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerði við Mími - símenntun. Námsskráin lýsir 210 af 230 kennslustunda fagnámi sem er fullnægjandi undirbúningur fyrir framhaldsnám á leikskólabrú framhaldsskóla¹ og fellur vel að fagnámi starfsmanna leikskóla hvar sem er á landinu.

Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta megi starfsreynslu og fullt nám samkvæmt þessari námsskrá til styttingar náms í framhaldsskóla til allt að 17 eininga. Meta má námið á mótí allt að 12 einingum í vali, 12 einingum á kjörsviði og/eða til almennt greina eftir styrkleika viðkomandi.

Námið er ætlað þeim sem vinna á leikskólum, eru eldri en 20² ára og hafa ekki lokið formlegu framhaldsskólanámi. Tilgangur námsins er að auðvelda námsmönnum að takast á við verkefni sem þeim eru falin í starfi, efla sjálfstraust þeirra og lífsleikni og stuðla að jákvæðu viðhorfi til áframhaldandi náms.

Námsskrá þessi er ætluð þeim sem stunda nám samkvæmt henni, leiðbeinendum og þeim sem vilja bjóða nám samkvæmt henni. Námsskráin er einnig ætluð þeim sem vilja meta starfsráðningu og starfsframa með hliðsjón af náminu, jafngilda það eða meta til jafns við annað nám.

Námsskrá þessi er gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með það að markmiði að auka skilvirkni og gæði náms, gera nám gagnsærra og auðvelda styttingu á framhaldsskólanámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gerir kröfur um að þeir sem fá heimild til að nota þessa námsskrá framfylgi formlegu gæðakerfi sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þróar og viðurkennir. Einnig að framkvæmdaraðili framfylgi skilgreindum kennslufræðilegum kröfum.

¹ Sjá fylgiskjal.

² Heimilt er þó í undantekningartilfellum að taka inn í námið starfsmenn sem eru á aldrinum 18-20 ára ef þeir eru í fullu starfi.



Fagnámskeið starfsmanna leikskóla er 210 kennslustunda grunnnám fyrir umönnun og gæslu leikskólabarna og ætlað þeim sem starfa á leikskólum, eru eldri en 20³ ára og hafa ekki lokið formlegu framhaldsskólanámi. Fagnámskeið starfsmanna leikskóla er 210 af 230 kennslustundum sem eru fullnægjandi undirbúningur fyrir leikskólabró framhaldsskóla.

Í þessu námi eru námsmenn á ýmsum aldri, með mislangan starfsaldur í ólíkum störfum. Reynsla þeirra er því afar misjöfn og misjafnt hve langt er um liðið frá því þeir voru síðast í skóla. Engar kröfur eru gerðar til lágmarksskólagöngu áður en nám hefst. Námsmenn gangast ekki undir formleg próf.

Nám byggist á frammistöðu og ábyrgð einstaklings en einnig samvinnu og samábyrgð allra sem koma við sögu þess. Námsrángur er ekki aðeins vitnisburður um frammistöðu einstaklings. Námsrángur er einnig vitnisburður um aðstæður til náms og vitnisburður um árangur af samvinnu námsmanna og leiðbeinenda.

Áhersla er lögð á aðbúnað, efni og aðferðir sem auðvelda fullorðnum nám. Til þess þarf leiðbeiningar sem taka mið af aðferðum góðra leiðtoga, leiðsögumanna og leiðbeinenda. Námsefni, framsetningu og framvindu náms verður að sníða eftir forsendum fullorðinna. Aðbúnaður og aðstaða verða að hæfa fullorðnu fólki.

Leiðbeinandi skilgreinir þarfir, tilgang og markmið starfs síns með námsmönnum með tilliti til forþekkingar námsmanna, markmiða þeirra og aðferða til náms. Hann þarf að geta raðað niður námsefni með tilliti til markmiða, skipulags efnis og tímasetninga. Leiðbeiningar eiga að vera við hæfi fullorðinna og í samræmi við kröfur sem gerðar eru um námsaðstöðu þeirra.

Leiðbeinandi verður að búa yfir samskiptafærni til að tengjast námsmönnum og vinna traust þeirra. Hann á að skapa vinsamlegt andrúmsloft og sýna hinum fullorðna námsmanni – reynslu hans og þekkingu – fulla virðingu. Enn fremur þarf leiðbeinandi að gera sér ljósar ástæður námsmanns til að taka þátt í náminu og markmiðum hans með því. Leiðbeinandi verður einnig að gera sér grein fyrir algengum hindrunum í námi fullorðinna (eins og t.d. kvíða og óöryggi) og bregðast á viðeigandi hátt við þeim.

Leiðbeinanda ber að örva og hvetja námsmenn og leggja sig fram um að svara þörfum þeirra fyrir útskýringar og endurgjöf. Hann verður að gera sér ljóst að eðlislægar forsendur til að læra eru mismunandi. Því er gerð krafa til þess að framsetning hans sé ekki einhæf eða vélræn heldur lagi sig að mismunandi færni þeirra með það fyrir augum að auðvelda þeim nám. Enn fremur þurfa framsetning og viðfangsefni að hafa sem mesta skírskotun til veruleika og reynslu námsmanna.

Námsmenn eiga að fá tækifæri til að spreyta sig á margvíslegan hátt. Verkefnavinna, atvikakönnun, hlutverkaleikur, verklegar æfingar upp á eigin spýtur eða í hópi, rök-ræður, umræður og sjálfsmat eru dæmi um aðferðir sem leiðbeinandi getur beitt í því skyni að sem flestir finni námstækni og námshraða við hæfi sitt.

Mikil áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist. Leiðbeinandi á að meta námsrángur án þess að nota til þess hefðbundin próf. Í stað hefðbundinna prófa metur hann reglulega námsferlið og námsrángur og gerir grein fyrir niðurstöðum matsins.

³ Heimilt er þó í undantekningartilfellum að taka inn í námið starfsmenn sem eru á aldrinum 18-20 ára ef þeir eru í fullu starfi.



Hugtök í námsmarkmiðum

Í námsmarkmiðum eru eftirfarandi hugtök notuð:

kynnast í merkingunni vita af, vita um, komast í kynni við, vera kunnugt um og geta nefnt eða lýst að nokkru leyti.

þekkja í merkingunni bera kennsl á, kunna skil á, átta sig á, koma fyrir sig, geta fundið og geta greint á milli, lýst, sagt frá, sýnt, staðfest, vísað til, listað upp, nefnt, raðað eða mælt.

skilja í merkingunni gera sér grein fyrir og geta útskýrt, túlkað, þýtt, ályktað og gert áætlun, fjallað um, dregið saman, gert útdrátt og geta uppgötvað.

auka færni sína í merkingunni að námsmaður hafi tekið framförum í viðkomandi námsgrein frá því hann hóf nám.

vera fær um í merkingunni hafa á valdi sínu, geta eitthvað sem maður hefur lært, kunna að gera eitthvað, hafa lært vinnubrögðin.



Lokamarkmið

Lokamarkmið námsins eru að námsmaður:

- hafi eftt sjálfstraust sitt og öryggi til faglegra starfa og frekara náms.
- hafi aukið færni sína í starfi.
- hafi bætt námsfærni sína.
- hafi bætt samskiptafærni sína.
- hafi yfirsýn yfir færni sína og þekkingu.
- hafi kynnst helstu uppeldisfræðikenningum.
- hafi kynnst helstu þroskaeinkennum og frávikum.
- þekki inntak Aðalnámskrár leikskóla og tilgang hennar.
- hafi kynnst hvernig listastarf örvar þroska barna.
- hafi aukið færni sína í notkun tölvu.
- hafi aukið færni sína í starfi á leikskóla.
- hafi mætt í a.m.k. 80% kennslustunda hverrar námslotu.

Formleg próf eru ekki lögð fyrir en mikil áhersla lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist til að ýta undir stöðugar framfarir hjá námsmönnum. Leiðbeinandi á að meta árangur námsmanna án þess að nota til þess hefðbundin próf. Í stað hefðbundinna prófa metur hann reglulega námsferlið og námsárangur og gerir grein fyrir niðurstöðum matsins.



Skipulag náms

Fagnámskeið starfsmanna leikskóla er 210 kennslustundir sem hver um sig er 40 mínútur. Námsmenn eiga ekki að vera fleiri en 18. Námsmönnum, sem eru les- og/eða skrifblindir, á að liðsinna þegar erfiðleikar þeirra koma í ljós. Æskilegt er að umsjónarmaður námsins sjái um kynningu námsskrár og dagskrár námsins og verði í augum námsmanna þungamiðja starfsins. Námsskrá fagnámskeiðsins er byggð á eftirfarandi námsþáttum:

Námsþættir	Kest.
Kynning	1
Námstækni og markmiðasetning	4
Uppeldi leikskólabarna	20
Þroski og þróun leikskólabarna	24
Listastarf með börnum	36
Sjálfsþing og samskipti	20
Tölvuleikni	32
Færnimappa	12
Næringarfræði	4
Heilsuefling	4
Málþroski barna	8
Hreyfipjálfun leikskólabarna	4
Fjölmennningarlegur leikskóli	4
Könnunaraðferðin	4
Umhverfismennt	4
Námsskrá leikskóla	4
Íslenska fyrir tvítýngd börn	4
Heimsókn í leikskóla	4
Innra starf leikskóla	8
Mat á námi og námsleið	1
Valgreinar	8
Slysavarnir í leikskólum – valgrein	
Líkamsbeiting og vinnuaðstaða – valgrein	
Trúnaðarskyldur starfsmanna – valgrein	
Nýbreytni – valgrein	
Samanlagt	210

- Heildarlengd námsins má ekki vera minni en 210 kennslustundir.
- Skipuleggjanda er heimilt að gera breytingar sem nema allt að 10% af heildarlengd námsins ef þær fara ekki í bága við markmið eða tilgang Fagnámskeiðs starfsmanna leikskóla og heildarlengd þess ekki minni en 210 kennslustundir. Breytingar, sem nema meira en 10% af heildarlengd námsins, eru aðeins heimilær með samþykki Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.



Um námsmarkmið, námslýsingar, námsaðferðir og námsefni ber almennt að hafa í huga að öll umgjörð og framkvæmd námsins er til að greiða fyrir námi. Enn fremur að námsmenn hafa misjafna lífsreynslu, læra með misjöfnum hætti og þurfa til þess mislangan tíma. Framsetning námsefnis, vægi og innihald námsþátta verður því að laga, eins og kostur er, að þörfum þeirra.

Nauðsynlegt er að forþekking námsmanna sé könnuð í upphafi námsþátta. Leiðbeinendur laga efni sitt og aðferðir sínar að þekkingu námsmanna og þörfum fullorðinna sem eru að reyna sig í námi, jafnvel eftir langt hlé.



Kynning

1 kennslustund

Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki forsendur og lokamarkmið þessa náms.
- kynnist hver öðrum.
- verði færir um að tjá væntingar sínar til námsins.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á markmið og forsendur námsins. Einnig að leiða í ljós væntingar og óskir sem námsmenn hafa. Losað er um spennu jafnframt því að námsmenn kynnast hver öðrum og umsjónarmanni námsins.

Námsaðferð

Kynning, umræður og einstaklingsvinna. Námsmenn eru virkjaðir í kynningaraðferðum sem losa um spennu jafnframt því að þeir kynnast hver öðrum.

Námsefni

Námsskrá námskeiðsins og dagskrá.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki í aðalatriðum hvað hefur áhrif á nám og námsárangur.
- þekki undirstöðuatriði í námstækni.
- þekki aðferðir við að muna og skilja.
- geri sér grein fyrir helstu hindrunum í námi.
- þekki hvað felst í markmiðasetningu.
- þekki leiðir og aðferðir til að setja sér markmið.
- verði færir um að setja sér persónuleg markmið út frá lífi og starfi.
- þekki leiðir til að framfylgja markmiðunum.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á helstu atriði sem hafa áhrif á nám og að setja sér markmið. Áhersla er einkum lögð á upplag hvers og eins, áhuga, virkni, reglufestu og einbeitingu. Einnig samstarf námsmanns og leiðbeinenda, samstarf námsmanna innbyrðis og samstarf námsmanna og leiðbeinanda. Enn fremur er lögð áhersla á mikilvægi þess að setja sér greinileg og raunhæf markmið.

Námsaðferð

Leiðbeinandi kynnir efnið, stjórnar umræðum og leggur fyrir verkefni. Í markmiðasetningu er lögð áhersla á einstaklingsverkefni og skriflega eða myndræna framsetningu markmiða.

Námsefni

T.d. efni frá leiðbeinanda. Námstækni, Mímir - símenntun.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki undirstöðuatriði í uppeldisfræði, félagsfræði og siðfræði.
- skilji merkingu fræðilegra hugtaka í uppeldisfræðum.
- auki faglega færni í starfi sínu með börnum.
- kynnist mismunandi áherslum í uppeldi barna á leikskólum.
- kynnist mismunandi stefnum leikskóla í uppeldisfræðum.
- auki færni sína í að nýta sér nýjar leiðir í uppeldi barna á leikskólum.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að kynna fyrir námsmönnum gildi uppeldis og mismunandi uppeldisstefnur. Áhersla er lögð á undirstöðuatriði er varða uppeldisfræði, siðfræði, félagsfræði og lífsleikni í leikskólastarfi. Einnig uppeldisstefnur eins og t.d. Hjallastefnuna, Reggio, Montessori, Waldorf, Heilsuleikskóla, og/eða aðrar sem kunna að eiga við.

Námsaðferð

Kynning, umræður og hópavinna.

Námsefni

T.d. efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki undirstöðuatriði í sálfræði.
- skilji merkingu fræðilegra hugtaka um þroska barna.
- þekki helstu einkenni í þroskaferli barna.
- þekki algeng þroskafrávik barna á leikskólaaldri.
- verða færari um að vinna með börnum með þroskafrávik.
- auki færni sína í að nýta fræðileg hugtök við vinnu sína með börnum.

Námslýsing

Megináhersla verði lögð á umfjöllun um þær breytingar sem verða á þroska barna á aldurskeiðinu 0-6 ára, s.s. í atferli, í félagslegum samskiptum, í vitsmunþroska, í líkama og hreyfifærni. Einnig helstu tegundir þroskafrávik barna á aldurskeiðinu 0-6 ára, s.s. þroskahömlun, einhverfa, hreyfihömlun, athyglisbrestur og ofvirkni.

Námsaðferð

Kynning, umræður og hópavinna.

Námsefni

T.d. efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist leiðum til að nota myndlist í skapandi starfi með börnum.
- kynnist leiðum til að nota leikræna tjáningu í starfi með börnum.
- kynnist leiðum til að nota tónlist í starfi með börnum.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að kynna námsmönnum ýmsar hugmyndir og leiðir til listastarfs með börnum svo sem með gerð mynda, leikrænni tjáningu, tónlist, hljóðfærum og söng. Áhersla er lögð á teiknun og litun tvívíðra mynda og formun og litun þrívíðra myndverka. Einnig leikgerðir sagna og mannlegra samskipta. Enn fremur grunnþætti tónlistar, söng og hreyfileiki og aðferðir til að nota hljóðfæri og hljóðgjafa í starfi með börnum.

Námsaðferð

Kynning og útskýringar leiðbeinanda, verkefnavinna, umræður og hugmyndasöfnun. Verkefnavinna byggist aðallega á umræðum samhliða því að námsmenn vinna verkefni, sem þeir munu síðar leggja fyrir leikskólabörn, með það fyrir augum að þeir geti gert sér betur grein fyrir hvernig þau virka og hvernig þau örva ímyndunarafli barna. Meðal verkefna er gerð tví- og þrívíðra mynda og hvernig hægt er að nýta og endurvinna ýmsa hluti og efni úr daglegu lífi í skapandi starfi og gera tilraunir með mismunandi aðferðir og efnivið. Farið er yfir æfingar dagsins og þær skoðaðar frá ólíkum sjónarhornum eins og t.d. hvernig þær geti hugsanlega nýst sem tæki í annarri starfsemi leikskólans.

Námsefni

T.d. efni frá leiðbeinanda og námsmönnum sjálfum.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu þætti sem hafa áhrif á sjálfstraust og hvernig þeir geta eftt sjálfstraust sitt.
- þekki samhengi milli sjálfstrausts og framkomu og áhrif þeirra í samskiptum við aðra.
- kynnist ýmsum hliðum samskiptafærni.
- þekki styrkleika sína og veikleika í samskiptum.
- kynnist stöðu sinni innan hópsins.
- kynnist hlutverkaskiptingu innan hóps.
- efla færni sína til að vinna í hópi.
- auki færni sína til að móta gott andrúmsloft á vinnustað.
- þekki undirstöðuatriði tjáskipta og hvernig hægt er að forðast misskilning.
- auki þekkingu í hvernig hægt er að vinna með ágreiningsmál.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á þýðingu sjálfstrausts í samskiptum, eflingu sjálfstrausts, hæfni til að vinna í hópi og vinnustaðamenningu sem er til fyrirmyndar.

Námsaðferð

Kynning á efninu og útskýringar leiðbeinanda, æfingar t.d. hlutverkaleikir og samskiptaleikir og verkefni sem taka t.d. á ákveðni, óákveðni og ágengni í framkomu. Einnig áhrif sjálfstrausts á framkomu og hvernig aðstæður geta haft áhrif á sjálfstraust og sjálfsmýnd auk atriða sem helst geta ógnað sjálfstrausti og hvernig bregðast megi við þeim. Leiðir til að efla sjálfstraust og öryggi í framkomu til að ná betri árangri í samskiptum og ýmis atriði í samskiptatækni, s.s. að hlusta, gagnrýna, taka við gagnrýni og hrósi, algeng viðbrögð við ágreiningsmálum og leiðir til að vinna úr þeim. Einnig hlutverk í hópi, hvers vegna og hvernig þau verða til. Áhersla er lögð á að allir taki þátt á sínum forsendum og leggi til vinnu eins og þeir treysta sér til. Námsmenn eru hvattir til að skoða sjálfa sig í samskiptum og greina hvað þeir gera vel og hverju þeir mættu bæta úr.

Námsefni

T.d. efni frá leiðbeinanda og „Sjálfsþing“; Mímir - símenntun.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- verði færir um að vista skjöl, sækja skjöl og búa til geymslumöppur.
- verði færir um að nota Internetið og tölvupóst.
- verði færir um að nýta sér tölvuna til upplýsingamiðlunar.
- verði færir um að nota tölvu til að rita texta.
- þekki ýmsa kosti á að sníða texta og myndir í ritvinnslu.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á að námsmenn verði færir um að nýta sér tölvuna í lífi og starfi.

Námsaðferð

Verkefni unnin á tölvu. Námsmenn æfa fingrasetningu og unnin eru verkefni eins og að gera möppur, vista og sækja skjöl, sníða texta og setja myndir í skjöl. Einnig að senda tölvupóst, taka á móti pósti, setja inn tengiliði, senda fjöldapóst og nota Internetið til upplýsingaleitar.

Námsefni

T.d. „Tölvugrunnur“ frá Mími - símenntun.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- verði færir um að gera færnimöppu.

Námslýsing

Megináhersla er á að námsmenn geri hver sína færnimöppu.

Námsaðferð

Leiðbeinandi útskýrir tilgang færnimöppu, innihald hennar, hvernig hún er gerð í tölvu og henni haldið við. Vinna að gerð færnimöppu er studd leiðsögn ráðgjafa/leiðbeinanda.

Námsefni

T.d. „Færnimappa“ frá Mími - símenntun.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu fæðuflokka.
- þekki hvaða fæðutegundir eru börnum nauðsynlegar til að vaxa og þroskast.
- kynnist því hvernig næringargildi matar er reiknað.
- skilji fæðuofnæmi og óþol.

Námslýsing

Megináhersla lögð á að kynna námsmönnum helstu fæðutegundir og flokkun þeirra sem og að námsmenn fái upplýsingar um fæðutegundir sem eru börnum nauðsynlegar í uppvexti. Áhersla er á fæðuofnæmi og óþol og hvernig þarf að bregðast við ef barn hefur þessar sérþarfir.

Námsaðferð

Kynning, umræður og verklegar æfingar.

Námsefni

T.d. efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu áhrifavalda á heilsu.
- þekki einkenni streitu og kvíða.
- þekki algenga streituvalda bæði í vinnu og einkalífi.
- þekki leiðir til að draga úr streitu og kvíða.

Námslýsing

Megináhersla lögð á að námsmenn þekki hvað veldur streitu og álagi. Einnig að þeir verði færari um að takast á við álag sem tengist vinnu og einkalífi.

Námsaðferð

Kynning, umræður og verkefni, t.d. slökun og tónlist.

Námsefni

T.d. efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki helstu fræðileg hugtök málörvunar.
- þekki merki um frávik í málþroska hjá börnum.
- verði færir um að vinna markvisst með málörvun í leikskóla.

Námslýsing

Megináhersla er á að auka skilning námsmanna á málþroska barna. Fjallað verður um málörvun í daglegu starfi, hvernig nýta má leikföng, leiki og lestur til málörvunar. Einnig hvernig verður komið til móts við þarfir barna með málþroskafrávik. Einnig að námsmenn geri sér grein fyrir að þeir eru fyrirmyndir barnanna hvað varðar málfar og að tala rétt.

Námsaðferð

Kynning og umræða.

Námsefni

T.d. efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- skilji hreyfipörf barna.
- skilji tilgang hreyfistunda með börnum.
- verði færir um að standa fyrir hreyfistundum með börnum.
- auki þekkingu sína á leiðum til að örva börn til hreyfingar.

Námslýsing

Fjallað verður um hreyfipjálfun barna með hliðsjón af Aðalnámskrá leikskóla. Unnið verður með ýmsar hugmyndir í sambandi við hreyfistundir og uppbyggingu þeirra. Rætt verður um þróun hreyfiproska og mikilvægi hreyfipjálfunar í leikskólastarfi. Jafnframt verður hreyfiproskaprófið MOT 4-6 kynnt.

Námsaðferð

Kynning, umræður og verkefni.

Námsefni

T.d. efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- auki þekkingu sína og færni til þess að vinna með fjölbreyttan hóp barna og foreldra.
- auki þekkingu sína á menningarmuni í uppeldi og uppeldisaðferðum.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á þá þætti sem tengjast fjölmenningu og lúta að samstarfi starfsfólks, vinnu með börnum og mikilvægi góðs foreldrasamstarfs. Bent er á aðferðir og leikefni sem hentar vel til fjölmennningarlegrar kennslu og hvernig hægt er að gera móðurmál og menningu barna af erlendum uppruna að sjálfsögðum og virtum þætti í leikskólastarfinu.

Námsaðferð

Kynning og umræður. Einnig er hægt að fá heimsókn aðila sem hafa unnið að þessum málum innan leikskóla.

Námsefni

T.d. efni frá leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist könnunaraðferðinni og hugmyndafræði hennar.
- kynnist möguleikum könnunaraðferðarinnar í starfi með 3-6 ára börnum í leikskóla.
- verði færir um að nota könnunaraðferðina í starfi.

Námslýsing

Könnunaraðferðin felur í sér þekkingarleit barna þar sem þau gera áætlanir, þróa og meta eigin verk með aðstoð fullorðinna. Aðferðin og vinnuferlið með börnunum verða kynnt og fjallað verður um skráningarleiðir og hlutverk kennara.

Námsaðferð

Kynning, umræður og verkefni.

Námsefni

T.d. efni tekið saman af leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist hvað umhverfismennt er og gildi hennar.
- þekki hvernig hægt er að nýta umhverfismennt í starfi með börnum.
- þekki leiðir til endurvinnslu.

Námslýsing

Megináhersla lögð á að námsmenn þekki hugmyndafræði umhverfismenntar. Einnig hvernig þeir geta nýtt hana í starfi með börnum eins og t.d. að flokka rusl, hvað er endurvinnanlegt og leiðir til að endurvinna hluti.

Námsaðferð

Kynning, umræður og verkefni.

Námsefni

T.d. efni tekið saman af leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist Aðalnámsskrá leikskóla og tilgangi hennar.
- kynnist tilgangi þess að hver leikskóli geri sína námsskrá.
- verði færir í að vinna eftir námsskrá.

Námslýsing

Megináhersla lögð á að námsmenn kynnist Aðalnámsskrá leikskóla og af hverju hún var gerð. Einnig að kynna fyrir þeim að hver leikskóli gerir sína eigin námsskrá með Aðalnámsskrá að leiðarljósi. Að námsmenn þekki innihald námsskrár og séu færir um að vinna eftir henni.

Námsaðferð

Kynning, umræður og verkefni.

Námsefni

T.d. efni tekið saman af leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- auki færni sína í markvissri málörvun barna sem hafa íslensku að öðru móðurmáli.
- kynnist hvernig hægt er að nota tákn með tali fyrir tvítyngd börn.
- verði færir um að vinna með texta fyrir börn á leikskólaaldri.

Námslýsing

Megináhersla lögð á að námsmenn kynnist leiðum til að vinna með málörvun tvítyngdra barna. Farið í aðferðir sem hægt er að nýta sér, t.d. tákn með tali, myndir og fleira. Einnig farið í hvernig hægt er að vinna með texta, t.d. úr barnabókum, til að auka lesskilning leikskólabarna.

Námsaðferð

Kynning og umræður.

Námsefni

T.d. efni tekið saman af leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynni sér hvað gert er í öðrum leikskólum.

Námslýsing

Megináhersla lögð á að námsmenn kynni sér starfsemi á öðrum leikskólum.

Námsaðferð

Heimsóknir í leikskóla, t.d. þar sem unnið er eftir ákveðinni uppeldisstefnu.

Námsefni

Vettvangsferð.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- kynnist þróunarverkefnum sem eru unnin á leikskólum.
- kynnist nýjungum sem unnar eru á öðrum leikskólum.

Námslýsing

Megináhersla er að námsmenn kynnist og auki þekkingu sína á hinum ýmsum þróunarverkefnum sem unnin eru á leikskólum og öðrum áhugaverðum verkefnum sem auka gæði leikskólanna.

Námsaðferð

Kynning og umræður.

Námsefni

T.d. efni tekið saman af leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki algengustu slys sem leikskólabörn verða fyrir.
- verði færir um að bregðast rétt við ef barn verður fyrir slysi í leikskóla.
- auki færni sína í forvörnum og eftirliti sem varða slys á leikskólum.

Námslýsing

Megináhersla lögð á slysavarnir er varða börn á leikskólum. Skoðaðar verða helstu ástæður slysa sem leikskólabörn verða fyrir, ferli og skipulag í leikskólanum þegar slys verður og ýmis skyndihjálparatriði kynnt.

Námsaðferð

Kynning og umræður.

Námsefni

T.d. efni tekið saman af leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- verði færari um að takast á við þætti í vinnuumhverfi sem hafa áhrif á andlega og líkamlega líðan þeirra.

Námslýsing

Megináhersla er lögð á líkamsbeitingu og vinnuumhverfi starfsmanna leikskóla. Fjallað verður um líkamssvörun, hávaða og líkamsbeitingu við vinnu á leikskólum.

Námsaðferð

Kynning og umræður.

Námsefni

T.d. efni tekið saman af leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki trúnaðarskyldur sínar gagnvart börnum, foreldrum, samstarfsfólki.
- kynnist og þekki hvað felst í persónuvernd.
- þekki út á hvað vinnusiðfræði gengur.

Námslýsing

Megináhersla lögð á að námsmenn þekki hvað felst í starfi þeirra og hvaða siðferðislegum skyldum þeir gegna.

Námsaðferð

Kynning og umræður.

Námsefni

T.d. efni tekið saman af leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- þekki mikilvægi þess að tileinka sér jákvæð viðhorf til breytinga og nýrra viðfangsefna.
- kynnist leiðum til að tileinka sér sveigjanleika og aðlögunarhæfni.
- kynnist leiðum til að vinna að nýbreytni.

Námslýsing

Megináhersla lögð á algeng viðbrögð og eftirsóknarverð viðbrögð breytinga auk þess að hafa auga fyrir nýbreytni og hagræðingu í vinnu.

Námsaðferð

Kynning, verkefni og umræður, meðal annars um sveigjanleika, aðlögunarhæfni, skapandi hugsun, gagnrýna hugsun, breytingastjórnun, breytingaþol og að tileinka sér nýbreytni á vinnustað.

Námsefni

T.d. efni tekið saman af leiðbeinanda.



Námsmarkmið

Að námsmenn

- leggi mat á námið.
- þekki ábyrgð sem fylgir því að meta sjálfa sig og aðra.
- leggi mat á einstaka námsþætti.
- verði færir um að líta gagnrýnum augum á námsþættina.

Námslýsing

Í lok námsins meta námsmenn árangur sinn og bera saman við markmið sín út frá hverjum námsþætti.

Leiðbeinendur meta árangur námsmanna án þess að nota hefðbundin próf. Í stað þess meta þeir námsferlið og nota símataaðferðir eins og t.d. gátlista til að staðfesta að námsmenn hafi á viðunandi hátt náð lokamarkmiðum námsleiðarinnar svo og markmiðum einstakra þátta námsins.

Námsmenn leggja mat á námið, markmið námsleiðarinnar, skipulag vinnunnar, leiðbeinendur og aðra þætti námsstarfsins.

Námsaðferð

Leiðbeinandi stjórnar umræðum og leggur t.d. fyrir gátlista, umsagnarblöð eða annað sem hjálpar til þess að námsmenn geti metið námskeiðið skipulega.

Námsefni

T.d. gátlistar og umsagnarblöð.



Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta starfsreynslu og fullt nám samkvæmt námsskrá fyrir Fagnámskeið starfsmanna leikskóla til styttingar á námi í framhaldsskóla til allt að 17 eininga. Meta má námið á móti allt að 12 einingum í vali, 12 einingum á kjörsviði og/eða til almennra greina eftir styrk viðkomandi einstaklings.

Nám og námsþætti má til dæmis meta á móti eftirfarandi áföngum í AÐALNÁMSKRÁ FRAMHALDSSKÓLA:

LKN	103	Lífsleikni
TÖL	102	Tölvufræði
SÁL	153	Þroskasálfræði
LÍB	101	Líkamsbeiting

Til að meta styrkleika einstaklings er hægt að nota einhverja af eftirtöldum aðferðum:

1. Framlögð gögn um fyrra nám, t.d. staðfestingu frá leiðbeinanda á Fagnámskeiði starfsmanna leikskóla.
2. Starfsferilsskrá.
3. Viðtöl við einstakling, þar með talið sjálfsmat.
4. Stöðupróf.

Ekki er tryggt að námsmaður geti nýtt allar einingarnar til styttingar á námi í framhaldsskóla, það fer eftir tegund náms og námsferli viðkomandi námsmanns.



Til framhaldsskóla

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Ministry of Education, Science and Culture
Sölvhólgata 4, IS-150 Reykjavík, Iceland
tel.: (354) 545 9500, fax: (354) 562 3068
postur@mrg.stjr.is
www.government.is

Reykjavík 25. febrúar 2005
Tilvísun: MMR04080298/9.90.3/ÓGK/--

Dreifibréf

Námskrá fyrir námsbrautir skólaliða og stuðningsfulltrúa í grunnskólum og leiðbeinenda í leikskólum tók gildi með auglýsingu nr. 661/2004 um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla. Skólaliðar annast gangagæslu, þrif og almenn eftirlitsstörf í skólum, en stuðningsfulltrúar í grunnskólum og leiðbeinendur á leikskólum koma að umönnun, uppeldi og menntun barna í leik- og grunnskólum. Nám á skólaliðabraut er 36 einingar, nám fyrir leiðbeinendur í leikskólum er 71 eining og nám fyrir stuðningsfulltrúa er 73 einingar. Starfsþjálfun er 3-9 vikur.

Með vísan til ákvæða kafla 7.6 um mat á óformlegu námi og starfsreynslu í aðalnámskrá framhaldsskóla vill menntamálaráðuneytið koma á framfæri eftirfarandi viðmiðun um mat á óformlegu námi þeirra starfshópa er að ofan greinir. Einstaklingar sem orðnir eru 22 ára og hafa að baki a.m.k. þriggja ára starfsreynslu og starfa enn við umönnun, uppeldi og menntun barna í störfum fyrir leik- eða grunnskóla, hafa að auki lokið starfstengdum námskeiðum á vegum sveitarfélaga, stéttarfélaga eða annarra aðila eiga þess kost að fá metið nám og starfsreynslu sem hluta af námi skólaliða, leiðbeinenda í leikskólum eða stuðningsfulltrúa í grunnskólum. Viðkomandi þurfa að hafa lokið sérhæfðri fræðslu sem sem nýtist í starfi og/eða starfstengdum námskeiðum stéttarfélags og/eða stofnunar og ljúka tilteknum áföngum á ofangreindum námsbrautum svo sem nánar er tilgreint á meðfylgjandi blaði.

Gengið er út frá að nemendur fái starfsreynslu sína metna sem jafngildi 3-9 vikna starfsþjálfunar sem krafist er samkvæmt námskrá. Viðmiðun þessi er skólameisturum til leiðbeiningar, en þeir bera eftir sem áður endanlega ábyrgð á mati á námi nemenda, sbr. ákvæði fyrrnefnds kafla aðalnámskrárinnar.

F.h.r.

Sólrún Jensdóttir

Sigurjón Mýrdal


Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins í desember 2002.

Hlutverk hennar er að vera samstarfsvettvangur stofnaðilanna um full-orðinsfræðslu og starfsmenntun í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinnur samkvæmt samþykktum og þjónustusamningi sem gerður hefur verið við menntamálaráðuneytið.

Starfsemin beinist að þeim sem ekki hafa lokið námi úr framhaldsskóla og innflytjendum.

Markmiðið er að veita starfsmönnum, sem ekki hafa lokið prófi frá framhaldsskóla, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

www.frae.is, sími 599 1400